

ZARA GJAFAKORT
ALMENNIR SKILMÁLAR OG SKILYRÐI FYRIR NOTKUN

1. Gjafakortið (hér, kortið) er eign útgefandans, Noron ehf. Kt. 550601-3110 (hér, ZARA). Korthafi er einungis vörsluaðili þess.
2. Kortið gildir eingöngu á Íslandi til að kaupa vörur sem eru seldar í ZARA verslunum eða í á vefsíðunni www.zara.com.
3. Hægt er að greiða fyrir kortið með hverjum þeim greiðslumáta sem er samþykktur í verslunum ZARA eða á vefsíðunni www.zara.com.
4. Hægt er að skila ónotuðu korti að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:
 - 4.1 Kort sem keypt er í ZARA verslunum má skila innan 30 daga frá kaupdegi.
 - 4.2 Gjafakort í formi plastkorta sem keypt eru á vefsíðunni www.zara.com má skila innan 30 daga frá dagsetningu tölvupósts með staðfestingu um að kortið hafi verið sent.
 - 4.3 Rafræn gjafakort sem keypt eru á vefsíðunni www.zara.com má skila innan 30 daga frá þeim degi þegar ZARA sendi kortið til ætlaðs viðtakanda þess.

Sala þessari mismunandi kortategunda ræðst af framboði þeirra á Íslandi.

Sé kort endurgreitt skal það gert með sama greiðslumáta og var notað til að kaupa það. Til þess að kortið fái endurgreitt þarf að framvísa rafrænni eða pappírs sölukvittun og, þar sem við á, því greiðslukorti sem notað var til kaupanna og greiðslukortakvittun fyrir kaupunum. Ekki er hægt að endurgreiða kort sem keypt hefur verið erlendis.

Ekki er hægt að fá endurgreidda innistæðu sem er eftir á korti eða fá henni skipt í reiðufé.

5. Hægt er að nota kortið í eins mörg skipti og korthafi vill þar til heildarfjárhæð kortsins er uppurin.
6. Sjá má á kassakvittun hver staðan á kortinu er í hvert sinn sem kaup eru gerð með því í hvaða ZARA verslun sem er eða í þeim upplýsingum sem gefnar eru við kaup sem gerð eru á vefsíðunni www.zara.com. Hægt er að athuga eftirstöðvar kortsins í hvaða ZARA verslun sem er eða á vefsíðunni www.zara.com. Ef kaupverð er hærra en staða á kortinu má greiða mismuninn með hverjum þeim greiðslumáta sem samþykktur er í verslunum ZARA eða á vefsíðunni www.zara.com, eftir því sem við á.
7. Kaup á vörum sem keyptar eru með kortinu í hvaða ZARA verslun sem er skulu lúta sömu kaupskilmálum og aðrar vörur sem keyptar eru í umræddum verslunum. Vörur sem keyptar eru með kortinu á vefsíðunni www.zara.com skulu lúta þeim kaupskilmálum sem er að finna á þeirri vefsíðu.
8. Sé vörum skilað sem keyptar hafa verið með kortinu skal ZARA, eftir því sem við á, framkvæma endurgreiðsluna með því að færa fjárhæð jafn háa verði hinnar skiluðu vöru aftur inn á kortið eða, sé kortið ekki lengur til þegar vörunum er skilað, með því að færa fjárhæð jafn háa verði hinnar skiluðu vöru inn á inneignarnótu sem ZARA gefur út og (i) afhendir í verslun sinni, þegar um er að ræða endurgreiðslu fyrir vörur sem keyptar voru í ZARA verslun, eða (ii) sendir með tölvupósti á netfang þess viðskiptavinar sem keypti með kortinu, þegar um er að ræða endurgreiðslu fyrir vörur sem keyptar voru á vefsíðunni www.zara.com.

Þær endurgreiðsluaðferðir sem hér er lýst eru ófrávíkjanlegur skilmáli og teljast sem slíkar vera samþykktar með því að kortið sé keypt og/eða það notað.

9. Kort sem keypt er í ZARA verslun gilda í 3 ár frá kaupdegi, plastkort sem keypt er á vefsíðunni www.zara.com gildir í 3 ár frá dagsetningu tölvupósts með staðfestingu um að kortið hafi verið sent og rafrænt kort gildir í 3 ár frá þeim degi þegar ZARA sendi kortið til ætlaðs viðtakanda þess. Þegar framangreindum gildistíma lýkur er hvorki hægt að endurnýja kortið, nota það til að kaupa vörur né að fá greidda inneign þess í neinu formi.
10. Kortið er handhafagreiðslumiðill. Handhafi þess skal vera einn ábyrgur fyrir notkun og vörslu kortsins. Ekki skal veita annað kort í staðinn fyrir kort sem er stolið, tapast eða skemmist. Hins vegar áskilur ZARA sér rétt til að skipta kortinu út ef breyting verður gerð á sniði þess.
11. Hafi rafrænt kort verið keypt á vefsíðunni www.zara.com ber ZARA ekki ábyrgð á því að það berist ekki eða að seinkun verði á móttöku þess af ástæðum sem ZARA hefur ekki stjórn á, þar á meðal vegna: (i) truflana eða bilana á fjarskiptalínunum / -kerfum; (ii) seinkunar á miðlun upplýsinga eða gagna eða tap á upplýsingum eða gögnum sem geta komið fram við einhverjar þær kringumstæður sem fjallað er um í (i) hér að ofan; (iii) ónákvæmni þeirra upplýsinga um móttakanda rafræna kortsins sem kaupandi kortsins veitir; (iv) þess að kortið berst ekki á netfangið sem gefið er upp, eða (v) þeirrar staðreyndar að tölvupósturinn sem ZARA sendir er talinn vera ruslpóstur eða óæskilegur tölvupóstur.
12. Kort sem upphaflega var aflað með ólögumætum eða óheimilum hætti skulu vera ógild, þau skal ekki nota til að kaupa vörur og þau verða ekki endurgreidd.
13. Kortið skal ekki notað til að auglýsa eða vekja athygli á vörum eða þjónustu þriðja aðila sem markaðssettar eru af öðrum en útgefanda kortsins nema að fyrirfram fengnu skriflegu samþykki hins síðarnefnda.
14. Kaup og / eða notkun kortsins felur í sé fullt og skilyrðislaust samþykki þessara skilmála og skilyrða, sem viðskiptavininn hafa verið gerð aðgengilegar við kaup kortsins og sem má einnig nálgast í hvaða ZARA verslun sem er og á vefsíðunni www.zara.com.